

## GJALDSKRÁ

**fyrir eftirlit og önnur gjaldskyld verkefni Matvælastofnunar.**

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Tímagjald.*

Tímagjald Matvælastofnunar fyrir þá þjónustu og verkefni sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og heimilt er að taka gjald fyrir, sbr. kafla II–XI:

Almennt tímagjald 13.211 kr.

Tímagjald fyrir heilbrigðisskoðun sláturdýra og tengda þjónustu 10.529 kr.

Greitt er fyrir undirbúning og frágang ásamt tíma sem fer í ferðir fyrir hvert eftirlit eða veitta þjónustu. Greitt er fyrir hvern hafinn stundarfjórðung. Ekki er greitt hærra tímagjald en 1 klst. vegna keyrslu til og frá næstu starfsstöð Matvælastofnunar sem sinnir viðkomandi þjónustu að þeim stað þar sem þjónustuverkefnið fer fram.

##### 2. gr.

##### *Rannsóknakostnaður.*

Kostnaður vegna sýnatöku, rannsókna sem og umsýslu á sýnum sem tekin eru í tengslum við lögbundin verkefni skv. köflum II–XI greiðist af þjónustuvega skv. framlögðum reikningi. Sama á við um allar aðrar sýnatökur og greiningar sem eru tilkomnar vegna frávika hjá þjónustuvega.

Sú undantekning er gerð að þjónustuvegar greiða ekki fyrir aðskotaefna- og lyfjaleifasýni með búfenaði á býlum og eldisfiski skráningarskyldra fiskeldisfyrirtækja.

##### 3. gr.

##### *Innheimta.*

Gjalddagi skal vera 15 dögum frá útgáfu reiknings. Eindagi gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er 15 dögum eftir gjalddaga. Heimilt er að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi, sé reikningur ekki greiddur á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

Reikningar verða gefnir út mánaðarlega fyrir þau verkefni og þjónustu sem stofnunin sinnir.

Matvælastofnun annast innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari. Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða framkvæmd reglugerðarinnar sker matvælaráðherra úr þeim ágreiningi.

Innheimta má gjöld sem Matvælastofnun innheimtir skv. gjaldskrá þessari með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

### II. KAFLI

#### **Verkefni og þjónusta skv. lögum um matvæli, nr. 93/1995.**

##### 4. gr.

##### *Leyfisveitingar.*

Fyrir útgáfu starfsleyfis, skv. 9. gr., 13. gr. b. og 20. gr. laganna, sem og fyrir breytingar á útgefnum leyfum, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

##### 5. gr.

##### *Eftirlit og tilfallandi þjónustuverkefni.*

Fyrir eftirlit með heilbrigðisskoðun á sláturdýrum, sbr. IV. kafla laganna, sem og reglubundið og annað tilfallandi eftirlit og úttektir, eftirfylgni, umsýslu og skjalaskoðun til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt, sbr. 6. gr. og XI. kafla laganna skal greitt tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingunarúrræðum skv. IX. kafla laganna.

Hér falla undir þjónustuverkefni sem Matvælastofnun sinnir með frumframleiðendum, kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum, mjólkurstöðvum, eggjavinnslum, rannsóknastofum, sláturhúsum, matvælafyrirtækjum sem koma að meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem og lífrænni framleiðslu.

## 6. gr.

*Inn- og útflutningur.*

Fyrir eftirlit, umsýslu, skjalaskoðun, úttektir og önnur verkefni, þ.m.t. útgáfu vottorða og staðfestinga, sem og móttöku tilkynninga, sem Matvælastofnun framkvæmir vegna inn- og útflutnings matvæla og innflutnings matvælasnertiefna, sbr. 6. gr. og 27. gr. a til 27. gr. d laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

## 7. gr.

*Framleiðsla, markaðssetning eða innflutningur matvæla með íblönduðu koffíni.*

- a. Forskoðun.  
Matvælastofnun innheimtir gjald skv. 1. gr. vegna forskoðunar á matvælum sem samanstendur af móttöku umsóknar, forskoðun, ákvörðun um áhættumat og umsýslu.
- b. Áhættumat.  
Matvælastofnun innheimtir í kjölfar forskoðunar gjald skv. 1. gr. vegna mats á áhættu, skoðunar á áhættumati, umsýslu og útgáfu leyfis. Kostnaður fer eftir því hvort og til hve margra utanaðkomandi sérfræðinga þarf að leita við áhættumatið.
- c. Endurmat/skoðun á áhættumati frá ytri aðila eða stjórnvaldi annars ríkis og vinna við ákvörðun.  
Fyrir vinnu við ákvörðun stofnunarinnar skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

## III. KAFLI

**Verkefni og þjónusta skv. lögum um velferð dýra, nr. 55/2013.**

## 8. gr.

*Leyfisveitingar og úttektir.*

Fyrir leyfi til dýratilrauna og breytinga á slíkum leyfum, skv. II. kafla reglugerðar nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

## 9. gr.

*Eftirlit.*

Fyrir úttektir, eftirlit, eftirfylgni sem og vinnu við úrvinnslu tilkynninga sem Matvælastofnun framkvæmir til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt, sbr. 12. og 13. gr. laganna, er greitt tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingunarúrræðum skv. X. kafla laganna.

Þá er Matvælastofnun heimilt að innheimta útlagðan kostnað í þeim tilvikum þar sem stofnunin á grundvelli lagaheimildar getur falið öðrum aðilum að afla gagna um framkvæmd eftirlits fyrir stofnunina.

## IV. KAFLI

**Verkefni og þjónusta skv. lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998.**

## 10. gr.

*Eftirlit.*

Fyrir eftirlit og aðrar skoðanir sem héraðsdýralæknar og aðrir dýralæknar og eftirlitsmenn sem starfa við umdæmisstofur stofnunarinnar sinna, sbr. 11. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

Fyrir afgreiðslu og meðhöndlun á umsóknum um starfsleyfi dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra, sbr. 6. gr. og 6. gr. a laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr. Matvælastofnun er heimilt að innheimta staðfestingargjald við móttöku umsóknar.

## V. KAFLI

**Verkefni og þjónusta skv. lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.**

11. gr.

*Leyfisveiting.*

Fyrir útgáfu innflutningsleyfis og framkvæmd áhættumats, sbr. 2. gr. laganna og breytingar á útgefnum leyfum skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

12. gr.

*Eftirlit.*

Fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun sem Matvælastofnun framkvæmir skv. ákvæðum laganna og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra með innflutningi og útflutningi dýra og erfðaefnis þeirra skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

## VI. KAFLI

**Verkefni og þjónusta skv. lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.**

13. gr.

*Skráningarskylda.*

Fyrir skráningu og aðrar tilkynningar fódur-, áburðar- eða sáðvöruyrirtækja, sem og skráningu og aðrar tilkynningar fyrir fódur og áburð, sbr. 4. og 5. gr. laganna skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

14. gr.

*Leyfisveitingar.*

Fyrir útgáfu starfsleyfis fóduryrirtækja sem nota aukefni eða forblöndur í fódurvörur, framleiða lyfjablandað fódur eða vinna fódur úr aukaafurðum dýra, sbr. 4. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

15. gr.

*Eftirlit.*

Fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastofnunar sem stofnunin framkvæmir hjá fódur-, áburðar- og sáðvöruyrirtækjum, sbr. II. kafla laganna, til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt skal greitt tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingunarúrræðum skv. VI. kafla laganna.

16. gr.

*Inn- og útflutningur.*

Fyrir eftirlit, umsýslu, skjalaskoðun, úttektir og önnur verkefni, þ.m.t. útgáfu vottorða og staðfestinga, sem og móttaka tilkynninga, sem Matvælastofnun framkvæmir vegna inn- og útflutnings fódurs, áburðar og sáðvöru skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

## VII. KAFLI

**Verkefni og þjónusta skv. lögum um fiskeldi, nr. 71/2008.**

17. gr.

*Skráningarskylda.*

Fyrir skráningu og aðrar tilkynningar fiskeldisstöðva, sbr. 5. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

18. gr.

*Leyfisveitingar.*

Fyrir útgáfu rekstrarleyfis skv. 7. gr. laganna sem og fyrir breytingar á útgefnum leyfum, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

19. gr.

*Eftirlit.*

Fyrir eftirlit með starfsemi eftirlitsþega, þ.m.t. eftirlit með framleiðsluskýrslum, sem og þjónustu við eftirfylgni, úttektir og vottorð Matvælastofnunar til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt skal greitt tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingun og öðrum úrræðum sem kveðið er á um í VII. kafla laganna.

## VIII. KAFLI

**Verkefni og þjónusta skv. lögum um skeldýrarækt, nr. 90/2011.**

20. gr.

*Leyfisveitingar.*

Fyrir útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfis, sbr. 7. og 10. gr. laganna, sem og fyrir breytingar á útgefnum leyfum, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

21. gr.

*Eftirlit.*

Fyrir eftirlit Matvælastofnunar með skeldýraræktunarstöðvum, sbr. 12. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

22. gr.

*Önnur þjónusta.*

Heilnæmiskönnun er skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi. Leyfishafi greiðir kostnað við heilnæmiskönnunina skv. framlögðum reikningi Matvælastofnunar og skal gjaldið ná til vinnu starfsmanna stofnunarinnar og rannsóknakostnaðar sem fellur til við könnunina.

## IX. KAFLI

**Verkefni og þjónusta skv. lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, nr. 51/1981.**

23. gr.

*Eftirlit.*

Fyrir eftirlit sem Matvælastofnun framkvæmir og við vinnu vegna útgáfu vottorða með gróðrarstöðvum og öðrum ræktunaraðilum, dreifingaraðilum sem og inn- og útflytjendum, skal greiða tímagjald skv. 1. gr.

## X. KAFLI

**Verkefni og þjónusta skv. lögum um útflutning hrossa, nr. 27/2011.**

24. gr.

*Eftirlit.*

Fyrir eftirlit Matvælastofnunar með útflutningi hrossa, sbr. 2. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

Flutningsaðili greiðir allan kostnað sem til fellur vegna veru dýralæknis í flutningsfari, sbr. 4. gr. laganna.

## XI. KAFLI

**Verkefni og þjónusta skv. lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.**

25. gr.

*Eftirlit.*

Fyrir eftirlit, úttektir, leyfi, umsýslu og skjalaskoðun sem stofnunin framkvæmir vegna aukaafurða dýra til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt skal greiða tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingunarúrræðum vegna aukaafurða dýra.

## XII. KAFLI

**Önnur lögbundin gjöld.**

26. gr.

*Yrkisréttur skv. lögum nr. 58/2000.*

- |    |   |                    |
|----|---|--------------------|
| a. | Umsóknargjald skv. 6. mgr. 3. gr.                   | 30.000 kr.         |
| b. | Athugun á skilyrðum fyrir vernd skv. 2. mgr. 9. gr. | allt að 30.000 kr. |
| c. | Útgáfa yrkisréttarskjals skv. 1. mgr. 12. gr.       | 3.000 kr.          |
| d. | Endurútgáfa yrkisréttarskjals skv. 2. mgr. 12. gr.  | 3.000 - 9.000 kr.  |

Reikningur skal gefinn út við móttöku erindis um þjónustu.

27. gr.

*Vernd afurðarheita skv. lögum nr. 130/2014.*

- |    |  |            |
|----|--|------------|
| a. | Umsóknargjald skv. 1. mgr. 21. gr.             | 75.000 kr. |
| b. | Breyting á afurðarlýsingu skv. 2. mgr. 21. gr. | 50.000 kr. |

Reikningur skal gefinn út við móttöku erindis um þjónustu.

28. gr.

*Yfirmat sláturafurða skv. lögum nr. 93/1995.*

- |    |  |          |
|----|--|----------|
| a. | Yfirmat, fyrir hvert innvegið kg kjöts í sláturhúsi, sbr. 5. mgr. 13. gr. f. laganna | 0,55 kr. |
|----|--|----------|

Reikningur skal gefinn út mánaðarlega.

## XIII. KAFLI

**Endurskoðun, gildistaka og lagastoð.**

29. gr.

*Endurskoðun gjaldskrár.*

Gjaldskrá þessa skal endurskoða fyrir lok hvers árs.

30. gr.

*Gildistaka og lagastoð.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 25. og 26. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, 6. gr. b og 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, 8. og 8. gr. a. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru, 15. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt, 33. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra, 18. gr. a laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, 14. og 14. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, 2. gr. laga nr. 27/2011 um útflutning hrossa og 15. gr. b laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi en kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2025, og um leið fellur brott gjaldskrá nr. 590/2024.

*Atvinnuvegaráðuneytinu, 27. maí 2025.***Hanna Katrín Friðriksson.**

---

*Iðunn María Guðjónsdóttir.*